

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 3. apríl 2013 í máli nr. S-849/2012:

Ákærvaldið

(Hulda María Stefánsdóttir saksóknari)

gegn

Alexöndru Garðarsdóttur

(Stefán Karl Kristjánsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var mánudaginn 25. mars 2013, er höfðað með tveimur ákærum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefnum 20. nóvember 2012 og 5. febrúar 2013, og ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 14. febrúar 2013, á hendur Alexöndru Garðarsdóttur, kt. 000000-0000, Gvendargeisla 4, Reykjavík, sem hér greinir:

Ákæra útgefin af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 20. nóvember 2012

Fyrir eftirtalin umferðarlagabrot í Garðabæ á árinu 2012 með því að hafa:

I

Mánudaginn 16. júlí ekið bifreiðinni LU-722 með 105 km hraða á klst. suður Reykjanesbraut, á vegarkafli við Kaupþún, þar sem leyfður hámarkshraði var 80 km á klst.

II

Sunnudaginn 12. ágúst ekið sömu bifreið óhæf um að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fikniefna (í blóði mældist amfetamín 100 ng/ml) um Hafnarfjarðarveg við Litlatún uns aksturinn var stöðvaður skömmu síðar.

Telst brot í lið I varða við 1. sbr. 3. mgr. 37. gr., en brot í lið II við 1. og 2. mgr. 45. gr. a, hvort tveggja sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 66/2006.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993 og 18. gr. laga nr. 66/2006

Ákæra útgefin af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 5. febrúar 2013

Fyrir eftirtalin brot:

I.

Þjófnað, með því að hafa mánudaginn 13. ágúst 2012 stolið matvöru að heildarsöluverðmæti 33.353 kr. úr verslun Nóatúns að Háaleitisbraut 68 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Þjófnað, með því að hafa þriðjudaginn 13. nóvember 2012 stolið matvöru að söluverðmæti 717 kr. úr verslun Skeljungs að Grjóthálsi 8 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Umferðarlagabrot, með því að hafa þriðjudaginn 20. nóvember 2012 ekið bifreiðinni ZO-664, ófær um að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fikniefna (magn amfetamíns í blóði mældist 90 ng/ml og magn MDMA 30 ng/ml), á bifreiðastæði við Bæjarlind við Lindaveg í Kópavogi, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a, sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

IV.

Eftirtalin þjófnaðarbrot framin laugardaginn 8. desember 2012, í félagi við Berglindi Fríðu Steindórsdóttur og Sindra Brjánsson:

1. Með því að hafa stolið vörum að samtals söluverðmæti 96.718 kr. úr verslun

Eymundsson að Strandgötu 31 í Hafnarfirði.

2. Með því að hafa stolið vörum að samtals söluverðmæti 67.385 kr. úr verslun HB-

búðarinnar að Strandgötu 33 í Hafnarfirði.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

V.

[...]

VI.

Þjófnað, með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 21. desember 2012 stolið vörum að samtals söluverðmæti 33.912 kr. úr verslun Nettó í Mjódd í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar, greiðslu alls sakarkostnaðar og sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993 og 18. gr. laga nr. 66/2006.

Ákæra, útgefin af ríkissaksóknara 14. febrúar 2013

Fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa, aðfaranótt laugardagsins 12. janúar 2013, í húsnæði Hjálpræðishersins að Kirkjustræti 2, Reykjavík, hótað lögreglumönnum Guðna Snæ Jónssyni, Óskari Geir Guðmundssyni og Sigurbirni Ingva Þórðarsyni, sem þar voru við skyldustörf, líkamsmeiðingum, með því að ota að þeim sprautu með blóðugri nál og hóta að stinga þá með sprautunálinni.

Telst brotið varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærða jatar sök samkvæmt ákæru, útgefni 20. nóvember 2012, og I., II. og VI. kafla ákæru, útgefinnar 5. febrúar 2013. Með vísan til þeirrar játningar hennar, sem samrýmist gögnum málsins, verður ákærða sakfelld samkvæmt þessum liðum ákæru og er háttsemin þar rétt heimfærð til ákæru.

Ákærða neitar sök að öðru leyti. Við upphaf aðalmeðferðar féll sækjandi frá V. kafla ákæru útgefinnar 5. febrúar 2013.

III. kafli ákæru útgefinnar 5. febrúar 2013

Samkvæmt skýrslu lögreglu frá þriðjudeginum 20. nóvember 2012, barst tilkynning klukkan 18:38, um að bifreiðinni ZO-664, hefði verið ekið að bifreiðastæði við Bæjarlind 3 í Kópavogi og væru ökumaður og farþegar undir miklum áhrifum fíkniefna. Er lögreglumenn komu á vettvang sáú þeir bifreiðinni ekið um Bæjarlind og var akstur hennar stöðvaður við Lindaveg. Ákærða reyndist vera ökumaður bifreiðarinnar, en í henni voru jafnframt tveir farþegar, Jón Einar Randversson, sem sat í framsæti, og Davíð Þór Gunnarsson, sem sat í aftursæti. Öll voru þau undir áhrifum vímuefna og æst og kemur fram að komið hafi til nokkurra

átaka við handtöku Davíðs. Hafi ákærða verið „á flandri“ á meðan á þessu stóð og ekki hlýtt fyrir mælum um að fara ekki frá bifreiðinni, en þegar aðgerðum á vettvangi lauk fundust ekki kveikjulaslyklar bifreiðarinnar.

Blóðsýni var tekið frá ákærðu við komu á lögreglustöð. Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, dagsettri 21. desember 2012, mældist amfetamín í blóði 90 ng/ml, MDMA 30 ng/ml og nítrazepam 80 ng/ml. Kemur fram að ákærða hafi verið undir slævandi áhrifum nítrazepams og megi gera ráð fyrir að hún hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti af þeim sökum, auk þess sem amfetamín og MDMA hafi fundist í blóðsýni og teldist hún því óhæf til þess að stjórna ökutæki örugglega, sbr. 2. mgr. 45. gr. a. umferðarlaga.

Við aðalmeðferð málsins kvaðst ákærða ekki hafa ekið bifreiðinni. Bifreiðin hefði verið biluð og hefði hún ekki getað gangsett hana, auk þess sem þau hefðu ekki haft kveikjulaslykla hennar meðferðis. Ákærða kvaðst hafa setið í öikumannssæti og hefðu Davíð Þór og Jón Einar ýtt bifreiðinni niður brekku á bifreiðastæðinu. Hún hefði síðan tekið í stýrið og sveigt bifreiðinni upp á vegkantinn til að vera ekki fyrir umferð.

Páll Ástþór Jónsson lögreglumaður, sem kom á vettvang, kvaðst hafa séð bifreiðina á bifreiðastæðinu, en síðan hefði henni verið ekið niður brekkuna og beygt til hægri austur Bæjarlind. Ákærða hefði verið ökumaður bifreiðarinnar og hefðu þeir gefið henni merki um að stöðva, sem hún hefði hlýtt. Hefði ákærða ekið bifreiðinni upp á vegkant og stöðvað þar. Vitnið tók fram að bifreiðinni hefði verið ekið fjórar til fimm billengdir upp brekku í Bæjarlind áður en hún stöðvaði og taldi hann útilokað að hún hefði runnið þannig upp í móti án vélarafis. Þá kom fram hjá vitninu að aðstæður hefðu verið erfiðar vegna ástands fólksins í bifreiðinni og hefði verið erfitt að henda reiður á því á vettvangi.

Hreinn Júlíus Ingvarsson lögreglumaður, sem kom á vettvang ásamt Páli, kvaðst hafa séð bifreiðina koma akandi niður brekkuna frá sólbaðsstofunni og beygja til hægri upp Bæjarlind. Þeir hefðu þekkt ákærðu sem ökumann. Mikill órói hefði verið á vettvangi og hefði ákærða ekki hlýtt fyrir mælum um að sitja kyrr, heldur ráfað frá bifreiðinni. Vitnið kvað bifreiðina ekki hafa getað runnið upp Bæjarlindina án vélarafis, en þar væri nokkur halli á veginum, auk þess sem bifreiðinni hefði verið ekið upp á vegkant.

Þá kom Jón Einar Randversson fyrir dóminn sem vitni, en hann kvaðst ekki muna atvik í umrætt sinn.

Niðurstæða

Ákærða hefur viðurkennt að hafa verið við stjórn bifreiðarinnar í umrætt sinn. Hefur það ekki áhrif á refsinaemi verknadarins þótt bifreiðin hefði runnið einhvern hluta leiðarinnar án vélarafis á meðan ákærða reyndi að gangsetja hana, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar Íslands frá 11. desember 1984 í málinu nr. 188/1984. Með framburði lögreglumanna tveggja sem komu á vettvang verður þó talið sannað að bifreiðinni hafi verið ekið með vélarafli upp brekku uns akstur hennar var stöðvaður á Bæjarlind við Lindaveg. Breytir engu um þá niðurstöðu að kveikjulaslyklar fundust ekki í fórum ákærðu, en fram er komið að hún hafði nægilegt svigrúm til að losa sig við lyklana á vettvangi. Samkvæmt framansögðu,

og með vísan til matsgerðar Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, verður ákærða sakfelld samkvæmt III. kafla ákæru og er háttsemi hennar þar rétt færð til refsíákvæða.

IV. kafla ákæru útgefinnar 5. febrúar 2013

Samkvæmt skýrslu lögreglu barst tilkynning um þjófnað úr HB-búðinni við Strandgötu í Hafnarfirði laugardaginn 10. desember 2012. Er lögreglumenn komu á vettvang var þeim vísað á Berglindi Fríðu Steinþórsdóttur, sem var inni í versluninni, ákærðu og Sindra Brjánsson, sem voru í bifreiðinni KX-885 á bifreiðastæði þar skammt frá, ásamt Davíð Þór Gunnarssyni, sem svaf í bifreiðinni. Í bifreiðinni fannst varningur, bækur, dvd-mynddiskar og leikföng, sem merktur var versluninni Eymundsson. Þá fannst nokkuð af undirfatnaði úr HB-búðinni í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Við leit á ákærðu og Sindra reyndust þau bæði vera með undirfatnað úr versluninni í fórum sínum og kemur fram að ákærða hafi reynt að losa sig við nærbuxur sem hún geymdi undir úlpu sinni. Starfsmaður HB-búðarinnar kvaðst hafa fylgst með ákærðu, Berglindi og Sindra í versluninni og hefðu ákærða og Berglind tekið hvor sinn náttkjólinn af rekka við útidyr, sem starfsmaðurinn bar kennsl á meðal fatnaðar sem fannst í bifreiðinni. Þá var rætt við starfsmenn verslunarinnar Eymundsson, sem bar að fólkið hefði verið að rápa inn og út úr versluninni.

Við aðalmeðferð málsins kvaðst ákærða lítið muna um atvik í umrætt sinn, en hún hefði verið undir áhrifum vímuefna. Spurð kvaðst hún þó ekki draga í efa að hafa stolið þeim varningi sem í ákæru greinir, ásamt Sindra og Berglindi Fríðu.

Halldór Sigurbergur Jónsson lögreglumaður kom fyrir dóminn sem vitni og gerði grein fyrir afskiptum lögreglu af ákærðu og félögum hennar á vettvangi. Fram kom hjá vitninu að ekki hefðu verið til staðar upptökur úr öryggismyndavélum verslananna.

Þá gaf Stella Bryndís Guðbjörnsdóttir, starfsmaður verslunarinnar Eymundsson, skýrslu fyrir dómnum. Hún kvaðst hafa veitt athygli tveimur konum í versluninni, sem hefðu reynt að draga athygli hvor frá annarri.

Niðurstaða

Ákærða hefur borið fyrir sig minnisleysi um atvik í umrætt sinn, en svaraði því til við aðalmeðferð málsins að hún drægi það ekki í efa að hafa verið þarna að verki ásamt Sindra og Berglindi Fríðu. Varningur úr versluninum fannst í bifreið ákærðu og félaga hennar, auk þess sem hún var með nærfatnað úr HB-búðinni innanklæða er lögregla hafði afskipti af henni. Þykir ekki óvarlegt að telja sannað að ákærða hafi stolið vörum úr versluninum eins og í ákæru greinir. Verður ákærða sakfelld samkvæmt IV. kafla ákæru.

Ákæra útgefin 14. febrúar 2013

Aðfaranótt laugardagsins 12. janúar 2013 var óskað eftir aðstoð lögreglu vegna fólks sem hefði í hótunum við starfsmann Hjálpræðishersins við Kirkjustræti í Reykjavík. Á vettvangi ræddu lögreglumenn við húsörð, sem greindi frá því að ákærða og Davíð Þór Gunnarsson hefðu komist inn í húsið í leyfisleysi og búið sig undir að gista þar í setustofu. Þau hefðu brugðist illa við er hann reyndi að vísa þeim á dyr og haft í hótunum við hann. Í skýrslu lögreglu kemur fram að ákærða og Davíð hafi reynst vera undir miklum vímuáhrifum. Þau hafi verið æst og neitað að hverfa frá gistiheimilinu. Hafi komið til orðaskipta og ákærða sagt við lögreglumennina: „Viljið þið að ég stingi ykkur með nál“ og „viljið þið fá einhvern kokkteil í ykkur frá okkur“. Davíð hafi tekið undir orð ákærðu og sagt þau vera með „fullt af nállum“. Þá hafi ákærða dregið sprautu með blóðugri nál upp úr vasa sínum og beint henni að lögreglumönnum. Þau hafi síðan verið handtekin og sýnt mikinn mótþróa við handtökuna.

Við aðalmeðferð málsins vísaði ákærða því alfarið á bug að hafa hótað lögreglumönnum eins og rakið er í ákæru. Þá kvaðst hún ekki hafa verið með sprautunál í fórum sínum. Hún kvað þau Davíð hafa verið ósátt við að vera vísað á brott af Hjálpræðishernum og hefði komið til orðaskipta vegna þess sem leiddi til þess að þau voru handtekin.

Hannes Jónsson, húsörður hjá Hjálpræðishernum, kvað íbúa í húsinu hafa gert sér viðvart um að ókunnugt fólk væri komið inn í setustofu. Hann hefði rætt við fólkið, gert þeim grein fyrir að húsið væri lokað og beðið þau um að fara. Þau hefðu ekki orðið við því og hefði stúlkan verið mjög æst. Þá hefði maðurinn sem með henni var verið ógnandi er hann hugðist hringja til lögreglu. Vitnið kvaðst hafa heyrt læti úr setustofunni eftir að lögregla kom á vettvang, en hann hefði ekki séð hvað átti sér stað þar.

Guðni Snær Jónsson lögreglumaður kvað lögreglumenn hafa komið á vettvang eftir að óskað var aðstoðar vegna pars sem var þar óvelkomið. Hann hefði þekkt parið, ákærðu og Davíð Þór Gunnarsson. Þau hefðu verið beðin um að yfirgefa húsið, en brugðist illa við því og kallað þá öllum illum nöfnum. Á einhverju augnabliki hefði ákærða sagt við þá: „Viljið þið fá einhvern kokkteil í ykkur“. Davíð hefði gripið þetta á lofti, haft á orði að þau væru sprautufíklar og væru með „fullt af nállum á sér“. Ákærða hefði síðan dregið sprautu með nál upp úr vasa sínum og beint henni að þeim. Vitnið kvað sér ekki hafa staðið á sama, en fólkið hafi verið í annarlegu ástandi og óútreiknanlegt. Þeir hefðu kallað eftir frekari aðstoð og ákærða og Davíð verið handtekin eftir nokkur átök. Vitnið kvað ákærðu hafa sett sprautuna aftur í vasann áður en hún var handtekin. Hann kvaðst hafa skoðað sprautuna eftir að komið var á lögreglustöðina og séð að nálin var blóðug og einhverjir vessar í henni.

Óskar Geir Guðmundsson og Sigurbjörn Ingvi Þórðarson lögreglumenn, sem komu á vettvang ásamt Guðna Snæ, báru á sama veg um atvik. Óskar kvað ákærðu hafa tekið upp sprautu og sagst geta smitað þá af einhverjum kokkteil. Hann hefði séð að sprautunálin var blóðug og hefði honum fundist sér ógnað. Sigurbjörn kvað ákærðu hafa staðið í um tveggja til þriggja metra fjarlægð frá þeim er hún dró upp sprautu með nál og beindi að þeim. Hún hefði spurt þá hvort hún mætti bjóða þeim kokkteil með nálinni. Hann kvað ákærðu hafa orðið við fyrirmælum þeirra um að setja nálinu aftur í vasa sinn.

Niðurstaða

Með samhljóða framburði lögreglumannanna þriggja þykir, gegn neitun ákærðu, sannað að hún hafi framið þá háttsemi sem henni er gefin að sök í ákæru. Verður ákærða sakfelld samkvæmt ákæru og er brot hennar þar rétt fært til refsíákvæða.

Viðurlög og sakarkostnaður

Ákærða er fædd í apríl 1990. Samkvæmt sakavottorði hefur hún frá árinu 2010 hlotið fjóra refsídóma vegna auðgunarbrota og umferðarlagabrot. Síðast var ákærða dæmd 7. desember 2011 til 8 mánaða fangelsisrefsingar, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir þjófnaðarbrot, en með þeim dómi var jafnframt dæmdur upp 6 mánaða skilorðsdómur sem ákærða hlaut í september 2010, vegna auðgunarbrota og umferðarlagabrot, m.a. aksturs bifreiðar undir áhrifum ávana- og fikniefna. Með brotum þeim sem ákærða er sakfelld fyrir í máli þessu hefur hún rofið skilorð refsíðómsins frá 7. desember 2011. Verður skilorðsdómurinn tekinn upp og ákærðu dæmd refsing í einu lagi, sbr. 60. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga. Þá hefur sektargerð sem ákærða sem ákærða gekkst undir í september 2010 vegna tilraunar til þjófnaðar ítrekunaráhrif í málinu, sbr. 255. gr. almennra hegningarlaga. Ákærða er í máli þessu sakfelld fyrir fimm þjófnaðarbrot, umferðarlagabrot og brot gegn valdstjórninni, og var síðastgreint brot hennar sérlega alvarlegt. Þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði. Gæsluvarðhald ákærðu frá 13. janúar sl. kemur til frádráttar refsingu.

Ákærða er svipt ökurétti í þrjú ár frá birtingu dómsins að telja.

Ákærða greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar hdl., vegna vinnu á rannsóknarstigi málsins og við meðferð þess fyrir dómi, 458.075 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærða greiði 214.733 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Hulda María Stefánsdóttir saksóknari.

Ragnheiður Harðardóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærða, Alexandra Garðarsdóttir, sæti fangelsi í 15 mánuði. Gæsluvarðhald ákærðu frá 13. janúar 2013 kemur til frádráttar refsingu.

Ákærða er svipt ökurétti í þrjú ár frá birtingu dómsins að telja.

Ákærða greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar hdl., 458.075 krónur, og 214.733 krónur í annan sakarkostnað.

Ragnheiður Harðardóttir